

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 118/1965. **Árni h/f** (Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar og gagnsök

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Línadal.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1965 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 250.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1965 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3.500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefst gagnáfrýjandi sjóveðréttar í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Laun fyrir björgun þá, sem í málinu greinir, þykja hæfilega ákveðin kr. 500.000.00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00.

Gagnáfrýjandi á samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 sjóveðrétt í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Árni h/f, greiði gagnáfrýjanda, Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar, kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. desember 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Nafastöðum í Melasveit, höfðað fyrir sína hönd og áhafnar v/b Eldingar fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. apríl 1964, gegn eiganda m/b Árna Þorkelssonar, KE 46, Árna h/f, Keflavík, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 3.500.000.00 með 8% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins. Þá er þess krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnanda í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 250.000.00 án vaxta og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlu-stefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. desember 1963 hélt m/b Árni Þorkelsson, KE 46, sem er eign stefnda, út frá Keflavík til síldveiða með hringnót. Var haldið af stað um kl. 1730 og stýrt í NV af V frá Skaga, ca. 20 sjómílar út. Var síðan látið reka um nóttina vegna veðurs, en um kl. 0600 að morgni hins 19. desember var kastað, og fékk báturinn gott kast, á að gizka 1500—2000 tonnur. Er teknir höfðu verið nokkrir háfar úr nóttinni, sprakk slanga við svo nefndan „bómusvingara“, sem er vökvaknúnar hliðarvindur. Varð

af nokkur töf við lagfæringu á þessari bilun. Festu skipverjar síðan bómuna út í stjórnborða og tóku að háfa inn á stjórnborðs-síðu. Er háfaðar höfðu verið inn ca. 400—450 tunnur, tók síldin að leggjast í nótina. Gaf skipstjórinn, Sæmundur Pálsson, þá skipun um að skera nótina frá, þ. e. skera sundur síðuböndin. Skáru skipverjar böndin af síðunni, en báturinn hallaðist þá orðið mjög. Skipstjóri reyndi sjálfur að skera böndin af bómunni, og var honum þar til aðstoðar einn af skipverjum, sem lagðist út á bómuna, en þar eð báturinn hallaðist mjög mikið, fór svo, að skipverji þessi lenti í sjóinn, en náðist samt fljótlega aftur. Er hér var komið, hallaðist báturinn svo, að sjór tók að renna í lestina, en skipstjóri segir, að þeir hafi lokað lúkarnum, svo að ekki rynni inn í hann. Enn fremur hefur stýrimaðurinn, Jón Sigurðsson Jóhannessen, tekið sérstaklega fram, að þess hafi verið gætt „að hafa lokað fram í lúkar og aftur í“. Skipstjóri gerði nú tilraun til „að bakka bátnum upp“ og kallaði jafnframt upp í talstöð bátsins, hvernig komið væri. Eigi mun framangreind tilraun skipstjóra til „að bakka bátnum upp“ hafa neinn árangur borið, og fóru skipverjar skömmu eftir þetta um borð í gúmmíbjörgunarbát, en báturinn hallaðist þá 60°—70°.

Ýmsir munu hafa heyrt kallað frá m/b Árna Þorkelssyni, og dreif báta að. Fyrstur á vettvang varð m/b Mummi II, og fóru skipstjóri og skipverjar af m/b Árna Þorkelssyni um borð í hann. Er þeir voru komnir þar um borð, bar að stefnanda á báti sínum, Eldingunni, en hann hafði verið staddur á þessum slóðum síldarbátum til aðstoðar, þegar hann heyrði kallið frá m/b Árna Þorkelssyni. Kom hann að m/b Árna Þorkelssyni um kl. 0900. Með stefnanda á báti hans var 17 ára gamall piltur, Grétar Bjarnason að nafni. Lónuðu þeir fyrst í kringum m/b Árna Þorkelsson, en héldu síðan að m/b Mumma II og spurðu, hvort þeir ættu ekki að skera nótina frá. Segist stefnandi í fyrstu ekkert svar hafa fengið, en er spurningin hafi verið endurtekin, hafi henni verið svarað játandi. Fór stefnandi síðan á báti sínum aftur að m/b Árna Þorkelssyni, og segir stefnandi, að hallinn hafi þá verið orðinn enn meiri en þegar fyrst var komið að honum. Hafi lunningin öll verið í kafi og sjór runnið ofan í lúkar. Lestarkarmurinn hafi verið í kafi og lestin orðin full af sjó. Auk þess hafi sjór runnið inn í stýrishús á kvikum.

Stefnandi klæddist nú „froskmannsbúningi“ sínum og synti að m/b Árna Þorkelssyni. Hóf stefnandi síðan að skera nótina frá

bátnum og notaði til þess stóra sveðju. Byrjaði stefnandi á því að skera á nótina að innanverðu við kraftblökkina, en hann varð frá að hverfa, sökum þess að kraftblökkinn lagðist í sjóinn á kvikum, og við það skapaðist hættu á, að hann flæktist í nótinni. Skar stefnandi síðan nótina í sundur að utanverðu við kraftblökkina, og að því loknu synti hann fram með bátnum og skar sundur nótarteininn frá pokabómunni. Hefur stefnandi lagt á það áherzlu, að báturinn hafi réttzt við, strax og hann hafi verið búinn að skera nótina frá.

Er stefnandi hafði lokið við að losa nótina, fór hann um borð í m/b Árna Þorkelsson. Lokaði hann hurðinni að hvalbaknum, sem var opin að hans sögn. Skömmu síðar tókst skipstjóranum á m/b Árna Þorkelssyni að stökkva um borð, er m/b Mummi renndi upp að bátnum. Lest m/b Árna Þorkelssonar reyndist full af síld og sjó. Auk þess kom í ljós, að nokkur sjór var einnig í vélarrúmi, ca. 3 fet undir gólfi í vélarhúsi, sem hafði legið yfir gólfi að nokkru og þiljum, meðan báturinn hallaðist og þá farið m. a. í rafmótor og rafmagnstöflu. Hafði sjór runnið úr lestinni um leiðslugöng inn í vélarrúmið. Þá var og kominn sjór í stýrishús og káetu.

Svo sem áður er frá greint, hefur stefnandi skýrt svo frá, að m/b Árni Þorkelsson hafi rétt sig að fullu, er hann var búinn að skera nótina frá honum. Skýrir stefnandi enn fremur svo frá, að eftir að skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni var kominn um borð, hafi skipverjar á m/b Mumma kastað tógi yfir í m/b Árna Þorkelsson. Hafi skipstjóri tekið við því, en síðan rétt sér (stefnanda) það og hann sett það fast. M/b Mummi hafi þá verið kominn svo nálægt, að skipstjóri hafi orðið að taka aftur á bak til að forða árekstri, en vél bátsins hafði allan tímann verið í gangi. Síðan segir stefnandi, að m/b Mummi hafi farið í sveig fyrir framan stefnið á m/b Árna Þorkelssyni, og er hann sveigði frá honum, hafi hann séð, að tógið var laust og hafi hann þá farið fram á hvalbak og dregið það inn. Hafi eftir það engin dráttar- taug verið sett á milli skipanna, en skipverjar á m/b Mumma hafi kastað kastlínu um borð í m/b Árna Þorkelsson. Kveðst stefnandi hafa tekið við henni og síðan dregið á henni stýrimann og vélstjóra um borð í m/b Árna Þorkelsson í gúmmibátum.

Skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni skýrir svo frá, að m/b Mummi hafi tekið í tógið og hann sjálfur keyrt vél m/b Árna Þorkelssonar, sem þá hafi alveg rétt sig. Hafi hann alveg rétt

sig, er þeir keyrðu áfram, og hafi hann þá sleppt spottanum frá m/b Mumma. Hafi m/b Árni Þorkelsson verið búinn að rétta sig alveg á ellefta tímanum þarna um morguninn.

Um kl. 0940 fór stefnandi aftur um borð í bát sinn Eldingu, sem hafði lónað í kring, meðan á aðgerðum stóð. Segir stefnandi, að um þetta leyti hafi verið SSA gola, en talsverður sjór. Skipstjórinn á m/b Árna Þorkelssyni sigldi bátnum hins vegar til Keflavíkur með aðstoð stýrimanns og vélstjóra síns, og komu þeir að bryggju þar um kl. 1300 þá um daginn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að af málsatvikum hljóti að vera augljóst, að skip stefnda hafi verið í hættu statt og að stefnandi hafi með aðgerðum sínum innt af hendi björgun í skilningi siglingalaga. Er af hálfu stefnanda í því sambandi sérstaklega tekið fram, að skip stefnda hafi verið stjórnlaust rekald, er stefnandi hóf björgunaraðgerðir, og verið að því komið að sökkva, þar sem nótin hafi stöðugt þyngzt og sjór flætt inn í vélarrúm og lúkar, en lest þegar orðin full af sjó og síld. Hefur stefnandi lagt fram vottorð skipstjóra á bátum, er nærstaddir voru, staðhæfingum sínum til stuðnings. Varðandi upphæð björgunarlauna hefur stefnandi, auk framangreindra atriða, bent sérstaklega á, að enginn annar en stefnandi hafi haft nokkra möguleika á að bjarga skipinu, eins og ástatt var orðið fyrir því, að stefnandi hafi lagt sig í stórkostlegan lífsháska við björgunarstarfið, að aðstæður hafi verið erfiðar og myrkur á, er björgunarstarfið var af hendi leyst, að mörg íslensk skip hafi komið í mikinn háska og sokkið af sömu ástæðu og skip stefnda, að skip stefnanda sé skráð sem björgunarskip og kosti stefnandi einn útgerð þess, að skip stefnda hafi verið úr allri hættu, strax og stefnandi hafði skorið nótna frá því, þar sem það hafi þá rétt sig að fullu, en vélar og nauðsynlegur búnaður verið nothæfur. Loks er því mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi nokkrum sinnum unnið eftir ákveðnum taxta eða gefið nokkuð upp um það fyrirfram, hvað hann tæki fyrir hjálp sína við skip.

Stefndi reisir kröfur sínar í málinu fyrst og fremst á því, að hjálp stefnanda beri aðeins að meta sem aðstoð, en eigi björgun, í merkingu siglingalaga. Er í fyrsta lagi því haldið fram af hálfu stefnda, að m/b Árni Þorkelsson hafi ekki verið í hættu staddur, enda hafi vantað mikið á, að skipið ylti eða sykki, þótt það hafi hallazt mikið, en ásigkomulag þess gott að öðru leyti. Hafi sjór í vélarrými verið óverulegur og ekki hætta á, að sjór kæm-ist niður í vélarrúm, þar sem niðurgangur sé bakborðsmegin

á skipinu. Telur stefndi, að breytingar á ástandi skipsins hafi verið hægar og að skipverjar hefðu sjálfir getað skorið nótina frá, er þeir hefðu áttað sig, og báturinn við það komizt úr allri hættu. Hafi stefnanda borið að í sama mund og skipverjar á Árna Þorkelssyni hafi hugleitt, hvað gera skyldi. Í öðru lagi er því haldið fram, að stefnandi hafi á þeim tíma, er hér skiptir máli, veitt þjónustu samkvæmt tiltekinni gjaldskrá og hafi ekki verið ástæða til að ætla, að stefnandi tæki hærri þóknun en samkvæmt þeirri gjaldskrá. Hefur stefndi til stuðnings staðhæfingum sínum um tilvist slíkrar gjaldskrár einkum vísað til viðtals blaðamanns við stefnanda, er birtist í Morgunblaðinu hinn 12. september 1964, og hefur eintak af því verið lagt fram í málinu. Enn fremur vísar stefndi til ummæla stefnanda fyrir sjóðómi, sem eru á þá leið, að hann vinni þannig, að visst gjald sé tekið fyrir köfun vegna skrófu og miðist köfunin við 4½ klukkustund, en auk þess sé tekið fullt gjald fyrir bátinn miðað við klukkustund, en jafnframt er tekið fram af stefnanda, að þetta hafi verið venja, þó algjörlega óbindandi, og fari starfsemi m/b Eldingar eftir því, sem atvik gefi tilefni til, og sé um hættuleg verk að ræða, sé tekið herra gjald. Loks er því haldið fram af hálfu stefnda, að starf stefnanda hafi hvorki verið örðugt né áhættusamt og verðmæti skips stefnanda og þeirra tækja, er hann réði yfir, hafi verið lítið og eigi lagt í neina hættu.

Þá er stefnandi kom á vettvang á báti sínum, m/b Eldingunni, hafði öll skipshöfn m/b Árna Þorkelssonar yfirgefið skipið. Var m/b Árni Þorkelsson því mannlaust og stjórnlaust rekald, er stefnandi hóf aðgerðir sínar. Auk þess var bráð hætta á, að skipið sykki þá og þegar, eins og ásigkomulag þess var, enda fór þungi nótarinnar stöðugt vaxandi. Samkvæmt því er ótvírætt, að m/b Árni Þorkelsson var í hættu staddur, enda ekkert komið fram, er bent geti til þess, að áhöfn skipsins hygðist gera frekari tilraunir til að losa nótina frá skipinu og eigi heldur neinar líkur á, að slíkar tilraunir hefðu nokkurn árangur borið, þótt gerðar hefðu verið.

Eigi er vefengt, að m/b Árni Þorkelsson hafi rétt sig, þegar er stefnandi hafði skorið nótina frá skipinu. Þá virðast dælar og vélar skipsins svo og annar nauðsynlegur búnaður til siglingar þess til hafnar hafa verið í fullkomnu lagi þrátt fyrir áfall það, sem skipið varð fyrir. Verður samkvæmt því að telja, að stefnandi hafi leyst af hendi fullkomna björgun skipsins í skilningi 1. mgr. 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Eigi verður talið, að stefndi hafi sýnt fram á, að stefnandi hafi farið fram með þeim hætti, að réttmæt ástæða hafi verið til að ætla, að hann mundi krefja um lægra endurgjald fyrir aðgerðir sínar í þágu skips stefnda en leiðir af fyrirmælum siglingalaga um laun fyrir björgun.

Við ákvörðun björgunarlauna ber sérstaklega að líta til þessa:

1. Björgun skipsins var samkvæmt framansögðu fullkomin og tókst að öllu leyti vel.

2. Stefnandi lagði sig við björgunarstarfið í mikla lífshættu og sýndi mikið harðfengi og dugnað.

3. Bráð hætta var á, að hið yfirgefna og mannlaus skip sykki þá og þegar, en áhöfn þess hafði aftur á móti verið bjargað um borð í m/b Mumma, áður en stefnandi kom á vettvang.

4. Bátur stefnanda var ekki lagður í neina hættu, og tilkostnaður við björgunina var lítill.

5. Verðmæti hinna björguðu verðmæta nam kr. 7.000.000.00.

Þegar virt eru þessi og önnur atriði, sem hafa ber hliðsjón af, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 800.000.00.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 68.000.00. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Árni h/f, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni persónulega og fyrir hönd áhafnar m/b Eldingar, kr. 800.000.00 með 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 68.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Árna Þorkelssyni, KE 46, til tryggingar fjárhæðum þessum.